

## Dagskrá Kvæðamannafélagsins Iðunnar vorið 2017

Í vor verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
4. janúar	6. janúar
1. febrúar	3. febrúar
4. mars*	3. mars - Aðalfundur
5. apríl	7. apríl
3. maí	5. maí

Allir félagsfundir hefjast stundvíslega kl. 20:00 og lýkur kl. 22:30. \*Vakin er athygli á að kvæðalagaæfingarnar verða á miðvikudögum að venju og hefjast klukkan 19:00, ef frá er talin æfingin í mars, en þá verður æfingin á laugardegi, þann 4. mars kl. 14:00. Verður hún fyrir fjölskyldufólk með börn og alla sem vilja koma. Þá verða kveðnar og kenndar ýmsar barnagælur.

Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

Heiðmerkurgleði félagsins verður haldin fimmtudaginn 15. júní.

## Kvæðakvöld Iðunnar 2017

Kvæðakvöld Iðunnar verður á Kaffi Rósenberg Klapparstíg þann 17. janúar kl. 20:00. Nokkrir Iðunnarfélagar koma fram og kveða m.a. gamanmál. Svo verður dregið úr hlutaveltunni í hléinu, margir vinningar. Aðgangseyrir verður 1.500 kr. en aðgangseyrir og ágóði af hlutaveltu rennur í ferðasjóð Iðunnar til að fara á Landsmót kvæðamanna 21. - 23. apríl 2017.

19. janúar koma nokkrir kvæðamenn fram á tónleikum í Mengi, Óðinsgötu 2 í Reykjavík. Á þessum tónleikum koma einnig fram nemendur úr Listaháskólanum sem flytja nýja tilraunatónlist. Erik DeLuca er skipuleggjandi tónleikanna.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

126. tölublað – 37. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2016  
Ábm: Bára Grímsdóttir

## Jólahefðirnar

Bráðum koma blessuð jólin  
börnin fara að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallett  
í það minnsta kerti og spil.

Já, bráðum koma blessuð jólin og það eru ekki bara börnin sem hlakka til. Jólin eru tími tilhlökkunar og gleði í hugum langflestra. Ekki skiptir öllu máli hvort fólk upplifir þau sem trúarlega hátíð eða hátíð ljóss og friðar, jólin eru kannski fyrst og fremst tími hefðanna og tilbreytingar frá hversdagslegu amstri. Flestar fjölskyldur hafa komið sér upp jólahefðum, ýmist fastmótuðum eða síbreytilegum. Það kemur best í ljós við breytingar á lífsháttum; þegar fólk flytur að heiman og fer að búa með öðrum þarf það að koma sér saman um hvernig háttu skuli jölunum. Þegar flutt er milli landa reyna menn að halda í sínar hefðir um leið og þeir aðlagast því sem nýi dvalarstaðurinn hefur upp á að bjóða. Með sívaxandi fjölda fólks sem kemur hingað annars staðar frá kynnumst við nýjum siðum og nýrri matarmenningu. Margir segjast vilja halda í íslenskar jólahefðir en kannski eru alíslenskar hefðir ekki svo margar fyrir utan hangikjötið. Jú, við eigum jólaköttinn og fjölda jólasveina sem menn hafa almennt sæst á að séu þrettán enda er Jóhannes úr Kötlum fyrir löngu búinn að negla niður þá tölu þótt við syngjum svo á hinn bóginn um jólasveina einn og átta. Jólátréð og aðventukransinn, hamborgarhrygginn og brúnuðu kartöflurnar fengum við utan að. Það er sama hvaðan gott kemur og siðir verða brátt að hefðum þegar þeir fara að festa sig í sessi.

Framhald á næstu blaðsíðu.

## Jólahelðirnar framhald

Í barnsmíningu minni, eins og fleiri af minni kynslóð, var alltaf snjór á vetrum. Og ég byrjaði að bíða eftir jólunum þegar mér barst til eyrna glamrið í keðjum bildekkjanna enda var ekki mikið um að götur væru skafnar, hvað þá sand- eða saltbornar. Seinna var það jólasveinninn sem birtist í glugga Rammagerðarinnar sem hringdi inn undirbúning jólanna sem og eplailmurinn. Nú er okkur sagt að jólin þín byrji í IKEA. Slíkar yfirlýsingar angra þá sem vilja frið fyrir markaðshyggjunni en um leið og við verðum að bita í það súra epli að hún er komin til að vera reynum við að leiða þennan ágang hjá okkur og halda okkar striki. Það er svo margt skemmtilegt sem við höfum tekið upp á í aðdraganda jóla; húsráðendur, verslunareigendur og bæjarstarfsmenn lýsa upp skammdegið með alls kyns skreytingum innan húss og utan, kvenfélög og kattavinir slá upp jólabasar og kirkjukórar halda jólatónleika. Við hugsum til vina og ættingja, veljum gjafir og sendum kort og skreytum þau sögum og ótal myndum því að það er svo lítið mál að senda rafrænt. Sumum finnst ekki koma jól nema bakaðar séu sautján sortir og hangikjötið á sínum stað. Aðrir leggja sig fram um að bjóða bragðlaukunum upp á eitthvað nýtt og framandi á hverjum jólum. Og svo eru þeir sem segjast hafa fengið nóg og fara til Kanari eða Kína til að „losna við jólastressið“ og eru með því búnir að skapa sér ákveðna jólahelð.

En hvort sem hátíðin verður hringd inn við aftansöng í sóknarkirkjunni, í skini kertaljósa eða með stjörnum á erlendum himni vona ég að menn taki á móti henni af barnslegri gleði og óska öllum gleðilegra jóla, árs og friðar.

*Sigurlín Hermannsdóttir..*



*Stjórn Þdunnar sendir félagsmönnum bestu óskir um gleðileg jól, gott og farsælt nýtt ár.*

## Jólavísur

Er láð í snjóalög er fært og lágfleyg gerist sólin trúarljósið ljómar skært lýsir best um jólin.

Lykt og bragði fljótt verð feginn fái ég spikfeitt hangiket. Alltaf verð ég matarmeginn meðan andann dregið get.

*Jói í Stapa*

Vinir gleðjast, hafa hátt á himni lækkar sólin. Ljóðaharpa klingir kátt koma bráðum jólin.

*G.A.Valberg*

Heims er geysar hríðin stíf og hriktir í þankalínum, megi inni ljós og líf ljóma í húsum mínum.

*Ingi Heiðmar Jónsson*

Enn þá jólafögnuð finn færast yfir sveitir. Þó að strjúki kylja kinn og kuldinn völdum beitir.

Verma sál í vetrarsnæ og vekja gleði mína jólaljós um borg og bæ; blika, glitra, skína.

*Ása Ketilsdóttir*

Skært þó eigir skrautið hjarta og skíni fagurt ljósin prúð. Gleðin auðgast inn í hjarta, enginn hana fær í búð.

Jólafögnuð oss að eiga öllum býður Kristur þá. Umbúðirnar aldrei mega okkar gleði skyggja á.

*Sigmundur Benediktsson*

Þjónar Drottins þramma í kjól, þruma úr pontu sérhver jól, meðan háma heims um ból hangikjötið íslensk fól.

*Helgi Zimsen*

Ljósi jóla lýkur brátt, lækkar njóla myrkurs þátt. Himinsól þá herðir mátt, hefur ról til okkar sátt.

Hátíð græðir gjörðir ört, grámans mæðu huggar. Ljósin glæðast, brosa björt. Burtu læðast skuggar.

*Sigmundur Benediktsson*

Rauð um jól á rauðanótt rauðvín held ég meti rjóðir menn, sem ryðst í gnótt af rauðu hangikjети.

*Helgi Zimsen*